

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/323 Reykjavík, 26. nóvember
komudagur 27. 11. 2009 2009
EBI/--

Efni. Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, þingskjal 185 / 166 mál
Tilv. 2009110008

Bændasamtök Íslands mæla með því að frumvarpið verði samþykkt, enda er frumvarpið flutt með vitund og vilja Svínaræktarfélags Íslands og Bændasamtaka Íslands.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal

Alþingi
Erindi nr. E 138/282
komudagur 25.11.2009



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Austurvegur 64 800 Selfoss
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 23. nóvember 2009
Tilvísun: Mast09090121/20.3


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra msb.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 16. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar Matvælastofnunar um ofangreint frumvarp.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þá var yfirdýralæknir formaður nefndar sem ráðherra skipaði 15. apríl 2008 til að gera úttekt á innflutningi svínasæðis. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu þann 3. apríl 2009. Nefndin gerði tvær tillögur um mögulegar aðferðir við innflutning á svínasæði. Fyrri tillagan fól ekki í sér að breyta þyrfti lögum. Síðari tillagan gerði hins vegar ráð fyrir því og með þessu frumvarpi eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar þar að lútandi.

Matvælastofnun hefur ekki athugasemdir við frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

F.h. Matvælastofnunar,


Halldór Runólfsson yfirdýralæknir

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

Alþingi
Erindi nr. P 138/281
komudagur 25.11.2009

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is


Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2009.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, með síðari breytingum, 166. mál.

Neytendasamtökin styðja þetta frumvarp og hvetja til samþykktar þess

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Hörður Harðarson

From: Hörður Harðarson [laxardal@centrum.is]
Sent: 23. nóvember 2009 22:16
To: 'nefndasvid@althingi.is'
Subject: FW: Umsög um frumvarp

*Alþingi
Erindi nr. P/38/256
komudagur 24.11.2009*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis tilkynnist hér með að Svínaræktarfélag Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp til laga um innflutning dýra (djúpfryst svínasæði), 166. mál.

Svínaræktarfélag Íslands hefur um árabíl flutt inn kynbótadýr og sæði frá Noregi, sem notað hefur verið í Einangrunarstöð félagsins í Hrísey. Gerðir hafa verið samningar um innflutninginn við Norsvin í Noregi, sem hafa tryggt íslenskum svínabændum aðgang að erfðaefni, sem fengist hefur á grundvelli öflugs kynbótastarfs þar í landi. Svínaræktarfélagið hefur séð um dreifingu kynbótadýra til bænda og samkvæmt þeim breytingum sem nú er unnið að á samningi milli Norsvin og SFÍ, þá mun félagið fá einkarétt á sölu og dreifingu á djúpfrystu svínasæði frá Norsvin hér á landi. Til að tryggt verði að verkefnið gangi hnökralaust fyrir sig, væri æskilegt að lögin gerðu ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherri setti reglugerð um framkvæmdina, þar sem m.a. kæmu fram þau atriði sem lúta að verksviði Matvælastofnunar/yfirdýralæknis og hvernig SFÍ muni standa að dreifingu sæðisins til bænda. Svínaræktarfélagið vinnur nú að undirbúningi þess að til landsins komi sérfræðingur frá Norsvin, sem leiðbeini bændum um meðferð og notkun sæðisins.

Virðingarfyllt,
f.h. Svínaræktarfélags Íslands,
Hörður Harðarson, formaður

